

Ed.

132. Nefndarálit

[26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar líf skjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Yfirlýst stefna þeirra bráðabirgðalaga, sem þetta frv. er flutt til staðfestingar á, er „að vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa“, eins og þar stendur.

Hækkun persónuafsláttar um 1400 kr. á mann kemur flestum að fullu gagni, nema þeim sem við lökust kjör búa.

Dæmi:

Hjón með eitt barn, yngra en 7 ára, og 130 þús. kr. tekjur eða hærri á síðasta ári hafa fullt gagn af þessum aukna persónuafslætti, eða samtals 2800 kr. Ef sömu hjón hefðu haft 122.4 þús. kr. eða minna í laun á því ári, þá græddu þau ekki eyri á breytingunni. Ef þessar tölur eru yfirlærðar á tekjur þessa árs (1983) og skatta næsta árs, eins og þeir eru áætlaðir í fjárlagafrumvarpinu (28% hækkun), þá hafa sömu hjón fullt gagn af breytingunni ef tekjur þessa árs ná 166.4 þús. kr. eða hærri upphæð, en ekkert gagn ef tekjurnar verða 156.7 þús. kr. eða minna.

Einstætt foreldri með eitt barn, undir 7 ára aldri, hefur fullt gagn af breytingunni ef brúttótekjur síðasta árs voru 122 þús. kr. eða meira, en ekkert gagn ef tekjurnar voru 118.2 þús. kr. eða minna. Yfirlært á tekjur þessa árs og væntanlega skatta næsta árs, sbr. fjárlagafrumvarpið, þá verður fullt gagn af breytingunni ef tekjurnar verða 156.2 þús. kr. eða hærri, en ekkert gagn ef tekjurnar verða 151.3 þús. kr. eða minni.

Verulegur meiri hluti elli- og örorkulífeyrisþega kemur ekki til með að hafa neitt gagn af hækkun persónuafsláttar. Þannig þarf einstaklingur að hafa 104 þús. kr. í tekjur á þessu ári til að hafa gagn af breytingunni og hjón 202 þús. kr., en fullur elli- og örorkulífeyrir, með óskertri tekjutryggingu, nemur á þessu ári tæplega 77 þús. kr. og hjóna, sem bæði njóta fullrar tekutryggingar, tæplega 134 þús. kr.

Lagfæringar á skattalögunum, svo sjálfsagðar sem þær annars eru, koma þeim tekjulægstu, og þar með meiri hluta elli- og örorkulífeyrisþega, að alls engu gagni meðan sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til greiðslu annarra gjalda, rennur til ríkissjóðs.

Ef nota á skattalögin, sem sjálfsagt er að gera, til að bæta hag þeirra tekjulægstu verður að greiða þennan hluta persónuafsláttar út til skattaðila á sama hátt og nú er gert við þann hluta barnabóta sem ekki gengur til greiðslu annarra gjalda. Þá er það álit minni hl. nefndarinnar að engin rök hnígi að því að barnabætur lækki um helming þegar börn ná 7 ára aldri.

Með þetta hvorttveggja í huga flytur minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar breytingar-tillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og leggur til að þannig breytt verði það samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Magnús H. Magnússon,
frsm.

Ragnar Arnalds.